

ÁSKORUN

Við undirrituð, stúdentar frá Menntaskólanum í Reykjavík, heitum á Alþingi og stjórnvöld að bæta þegar úr brýnum húsnæðisvanda skólans og leggja jafnframt drög að nýju varanlegu framtíðarhúsnæði á lóð skólans.

Kristján Albertsson, rithöfundur	1917	Markús Örn Antonsson, útvarpsstjóri	1965
Einar Olgeirsson, fyrrv. alþingismaður	1921	Jón Sigurðsson, skólastjóri	1965
Sigurkarl Stefánsson, fyrrv. menntaskólakennari	1922	Hallgrímur Snorrason, hagstofustjóri	1966
Sigurjón Guðjónsson, fyrrv. prófastur	1925	Baldur Guðlaugsson, hæstaréttarlögmaður	1967
Þorsteinn Ó. Stephensen, leikari	1925	Þorlákur Helgason, framhaldsskólakennari	1969
Benjamín Eiríksson, fyrrv. bankastjóri	1932	Hallgrímur B. Geirsson, hæstaréttarlögmaður	1969
Halldór Jakobsson, forstjóri	1936	Kristján Auðunsson, framkvæmdastjóri	1970
Sigurður Ólafsson, lyfsali	1936	Geir Haarde, alþingismaður	1971
Viggó Maack, verkfræðingur	1941	Jón Sveinsson, aðstm. forsætisráðherra	1971
Björn Th. Björnsson, rithöfundur	1943	Gylfi Kristjánsson, deildarstjóri	1972
Skúli Guðmundsson, verkfræðingur	1943	Markús Möller, hagfræðingur	1972
Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri	1943	Bragi Guðbandsson, félagsmálastjóri	1973
Magnús Magnússon, prófessor	1945	Mörður Árnason, ritstjóri	1973
Einar Pálsson, skólastjóri	1945	Magnús Ólafsson, hagfræðingur	1974
Guðjón Hansen, tryggingafræðingur	1946	Sigrún Pálsdóttir, verkfræðingur	1975
Jón H. Bergs, aðalræðismaður	1947	Sigurður J. Grétarsson, lektor	1975
Stefanía Pétursdóttir, ritari	1947	Benedikt Jóhannsson, stærðfræðingur	1975
Bjarni Bragi Jónsson, aðstoðarseðlabankastjóri	1947	Gunnar Steinn Pálsson, framkvæmdastjóri	1975
Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra	1948	Skafti Harðarson, framkvæmdastjóri	1976
Þór Vilhjálmsson, hæstaréttardómari	1949	Jón Norland, B.A.	1977
Einar Jóhannsson, eftirlitsmaður	1949	Gunnlaugur Ó. Johnson, arkitekt	1977
Ingibjörg Pálmadóttir, kennari	1950	Ásgeir Jónsson, gjaldheimtustjóri Suðurnesja	1978
Aðalsteinn Guðjohnsen, rafmagnsstjóri	1951	Sigríður Dóra Magnúsdóttir, læknir	1979
Gunnar Jónsson, landmælingamaður	1953	Sigurbjörn Magnússon, framkvæmdastjóri	1979
Hjörtur Torfason, hæstaréttarlögmaður	1954	Halldór Þorgeirsson, kvikmyndagerðarmaður	1979
Sveinbjörn Björnsson, prófessor	1956	Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur	1981
Oddur Benediktsson, prófessor	1956	Jón Óskar Sólmes, íþróttafréttamaður	1981
Bernharður Guðmundsson, fræðslustjóri	1956	Jóhann Valbjörn Ólafsson, sölufulltrúi	1982
Ólafur B. Thors, forstjóri	1957	Jóhann Baldursson, háskólanemi	1982
Höskuldur Jónsson, forstjóri	1957	Sveinn Andri Sveinsson, laganemi	1983
Guðmundur Ágústsson, hagfræðingur	1959	Helga Guðrún Johnson, fréttamaður	1983
Kjartan Jóhannsson, alþingismaður	1959	Tómas Guðbjartsson, læknanemi	1985
Pálmi R. Pálmason, verkfræðingur	1960	Úlfur H. Hróbjartsson	1985
Þorsteinn Gylfason, dósent	1961	Gunnar Auðólfsson, læknanemi	1986
Tómas Zoëga, framkvæmdastjóri L.R.	1962	Birgir Ármannsson, laganemi	1988
Sigurgeir Steingrímsson, handritafræðingur	1963		

Menntaskólinn í Reykjavík þarf framtíðarhúsnæði — strax!

eftir Guðfinnu Ragnarsdóttur

Það eru mikil forréttindi að fá að vinna með æsku landsins, hjart-sýnum, frjálsglegum og duglegum unglingum, sem öll hafa sett sér það takmark að ganga menntaveginn, og mæta hverjum nýjum degi með áhuga, festu og krafti.

Það er satt að segja hreinasti unaður að sjá þennan fallega, stóra hóp vaxa og þroskast ár frá ári, og bæta stöðugt við visku sína og þekkingu, sér og þjóð sinni til heilla og hamingju.

En enginn verður óbarinn biskup og það þarf mikið á sig að leggja og mörgu að afneita svo vel fari. Kók og síbylja eru sjaldnast vænleg til vinnings. Að baki góðum árangri liggur mikil og skipulögð vinna, rétt hugarfarar og góð vinnuástaða.

Enginn efast um vilja og góðan ásetning þeirra nemenda sem koma til náms í Menntaskólanum í Reykjavík og hvergi trúir ég mæti þeim betri lærdómsandi. Í veggjum gamla skólahússins býr menntun og menning, þar lifir saga lands og þjóðar.

Um mikla vinnu þarf heldur enginn að efast. Frá 8 að morgni til 19 að kvöldi er kennt og lært í hverju horni af fullum krafti.

En hver er vinnuástaðan? Ja, vægast sagt heldur bághorin:

- ★ Kjallarar sem dæmdir eru óhæfir til íveru.
- ★ Skólastofur svo yfirfullar að flytja þarf borð og stóla í hvert skipti sem opna þarf hurð.
- ★ Víða svo mikil þrængsli í kennslustofum að kennari kemst aldrei að öftustu röðunum til þess að fylgjast með vinnu nemenda.
- ★ Nemendafjöldinn svo mikill að fyrir kemur að nemendur verða að taka prófin sitjandi á gólfinu, eða húka með harða plötu á hnjúnum við stílagerð og dæmareikning.
- ★ Sérstofur notast ekki sem skyldi því nauðsynlegt er að nýta þær til þess að koma bekkjunum fyrir.

Það er líka sorglegt að horfa upp á unglingana sitja uppgefna til kl. 19 á dimmum vetrarkvöldum, glím- andi við erfið verkefni löngu eftir að vinnudegi flestra er lokið og starfsgetan í lágmarki.

Það er dapurlegt þegar þrængsli, slæmur aðbúnaður, óviðunandi starfstími og skortur á flestu því, sem í dag þykir sjálfsagt til kennslu, stendur í vegi fyrir besta mögulega árangri og leggur stein í götu þessa framsækna, duglega æskufólks.

Við höfum hvorki efni á né rétt til þess, að búa ekki betur að æsku landsins.

Menntaskólinn í Reykjavík þarf veglegt framtíðarhúsnæði — og það strax.

Höfundur er prófessor við Háskóla Íslands.

Höfundur er kennari við MR.

Umbætur í húsnæðismálum forsenda þess að skólinn geti þróast eðlilega

eftir Sigurð Lindal

Menntaskólinn í Reykjavík rekur upphaf sitt til dómkirkjuskólanna í Skálholti og Á Hólum. Sá fyrrnefndi hófst á dögum Ísleifs biskups Gizurarsonar upp úr miðri 11. öld, en þann síðarnefnda stofnaði Jón biskup Ögmundsson í byrjun 12. aldar. Skólinn er þannig ein af fjórum elztu stofnunum landsins; hinar eru Alþingi sem landstjórnarstofnun, hreppaskipin sem sveitarstjórnarstofnun og þjóðkirkjan. Er þá látið liggja milli hluta hvort sú evangelísk-lúterska kirkja sé sama stofnun og sú kaþólska sem Íslendingar tóku við í öndverðu.

Með konungsúrskurði frá 7. júní 1841 var ákveðið að flytja skólann frá Bessastöðum til Reykjavíkur og hóf skólinn þar starfsemi haustið 1846 í húsi sem honum hafði verið reist á árunum 1844—1845. Skólahús þetta var reist af meiri stórhug en fram til þess hafði tíðkæzt, enda hefur það verið í samfelldri notkun síðan. Má telja líklegt að húsið sé einhver arðbærasta fjárfesting sem nokkru sinni hefur verið ráðizt í innan menntakerfisins. Þótt svo sé er ljóst að húsið er fyrir löngu orðið allt of lítið; það var reist fyrir 100 nemendur, en nú eru í skólanum 800. Húsakostur hefur að vísu verið aukinn með nýbyggingu og leiguhúsnæði á víð og dreif í nágrenni skólans, en nú er svo komið að jafnvel þetta hrekkur ekki til. Er óþarfi að fjölyrða um hversu skaðvænleg áhrif slíkt umhverfi

hlýtur að hafa á starfseminna.

Löng saga, sögufræg húsakynni og fastheldni við fornar hefðir hafa gert skólann með nokkrum hætti að ímynd festu og stöðugleika. Með þessu hefur hann veitt ómetanlegt viðnám gegn gagnrýnisfílilli nýjungagirni sem nú hefur um nokkurt skeið tröllriðið skólakerfi landsmanna. Er mér ekki grunlaust um að skólinn hafi nokkuð galdið þess að nýjungamenn hafi löngum náð betur eyrum þeirra sem með völd hafa farið. Alltof algengt er að menn tengi festu og stöðugleika við stöðnun. Slíkt er þó fjarri sanni; það sem úrslitum ræður er hvernig menn tileinka sér nýjungar, hvort þeir brjóta þær til mergjar eða gína við þeim gagnrýnislaust. Verður ekki betur séð en stjórnendum og kennurum skólans hafi almennt tekizt að þræða hinn gullna meðalveg og má hér minna á að nemendur hans hafa margir skarað fram úr í eðlisfræði undangengin ár. Hitt er ljóst að umbætur í húsnæðismálum skólans eru forsenda þess að hann geti þróast eðlilega.

Íslenzkt þjóðfélag einkennist þessa stundina af innri upplausn og agaleysi og íslenzk menning og menntun á undir högg að sækja vegna stöðugt vaxandi erlendra áhrifa, ekki sízt ágengni erlendra múgmenningar. Forystumenn í stjórnámum og menningarlífi eru ósparir á viðvörunarorð, en hitt er meira álitamál hvort orðum þeirra fylgja athafnir að sama skapi.

Menntaskólinn í Reykjavík er einstök stofnun í landinu sem vegna sögu og hefðar getur gegnt lykilhlutverki í hinni nýju viðnáms- og

sjálfstæðisbaráttu. Það væri ófyrirgefanleg skammstími að láta hann drabbast niður vegna alls ófullnægjandi húsnæðis og í hróplegu ósamræmi við það sem varið hefur verið til margs konar skólabygginga víða um land undanfarin ár, oft af litilli fyrirhyggju.

Það verður nú æ ljósara hversu stjórnámamönnum eru mislagðar hendur um að leysa þau mál sem þeir hafa tekið að sér. Má meðal annars hafa það til marks að kröfur um einkavæðingu gerast sífellt há-

værari í flestum ríkjum heims, ekki sízt þeim sem kenna sig við sósíalísma. Ef stjórnámamönnum reynist um megn að leysa húsnæðisvanda Menntaskólans í Reykjavík og búa að öðru leyti tilhlýðilega að honum sýnist mér að skoða ætti þann kost að gera skólann að sjálfseignarstofnun áþekkt og hann var meðan hann var dómkirkjuskóli.

Höfundur er prófessor við Háskóla Íslands.

Félagsmál

eftir Þóri Auðólfsson

Í Skólafélagi Menntaskólans í Reykjavík eru allir innritaðir nemendur skólans. Annad stórt félag er Framtíðin, málfundafélag skólans. Innan þessara félaga starfa ýmis sérfélög og klúbbar, t.d. íþróttafélag, listafélag, spilaklúbbur og vísindafélag o.fl. Þau standa fyrir ýmsum uppkomum og gefst öllum nemendum skólans kostur á að taka virkan þátt í félagslífinu. Auk þess starfa nokkur smáfélög, sem oft og tíðum setja mikinn svip á félagslífið.

Í gömlum skóla eins og Menntaskólanum í Reykjavík haldast marg-

ar hefðir þó að aðrar hafi fallið niður. Nefna má tolleringar sem er hefðbundin inntökuathöfn nýnema skólans. Gangaslagur er önnur gömul hefð. Það er bardagi sjöttubekkinga undir forustu inspectors platearum, hringjara skólans, við neðribekkinga, sem reyna að hindra hann í að hringja.

Það hamlar nokkuð félagslífi skólans, að skólinn er tvísetinn og félagsaðstaðan er með öllu ófullnægjandi. Samkomusalurinn, sem er í kjallara Casa Nova, rúmar ekki nema hluta af nemendum skólans og lofthæðin þar er aðeins 2,4 m en lágmarkslofthæð á samkvæmt reglugerðum að vera 2,5 m. Þar sem nú eru um 800 nemendur í

skólanum er fermetrafföldi í þeim kjallara, sem nemendum er ætlaður til samkomuhalds og borðhalds, aðeins 0,3 fm á mann.

Menntaskólinn í Reykjavík hefur útskrifað vel menntaða stúdenta í rúm hundrað ár og mun vonandi fá að gera það áfram. Margir af forystumönnum þessarar þjóðar eru stúdentar frá Menntaskólanum í Reykjavík og hafa sumir verið í forustu í félagslífi skólans. Má það því undarlegt teljast að þrátt fyrir margitrekkaðar beiðnir skuli jafn lítið hafa verið gert til að bæta úr húsnæðisvandradæm skólans og raun ber vitni. Á sama tíma og reistir hafa verið nýir framhaldsskólar þar sem aðstaða til náms og félagslífs er miklu betri en í gamla Menntaskólanum í Reykjavík.

Höfundur er inspector scholae.